

Reykjavík, 20. desember 2019

Niðurstaða athugunar á aðgerðum Landsbankans hf. gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið hóf vettvangsathugun hjá Landsbankanum hf. í janúar 2019. Niðurstaða lá fyrir í október 2019.

Markmið athugunar Fjármálaeftirlitsins var að kanna framfylgni Landsbankans hf. við afmarkaða þætti laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og einnig eftir atvikum eldri lög nr. 64/2006 um sama efni. Vettvangsathugunin tók mið af eldri lögum nr. 64/2006, þá sérstaklega hvað varðar yfirferð á framkvæmd áreiðanleikakannana í tíð eldri laga, enda aðeins nokkrar vikur frá því ný lög tóku gildi þegar vettvangsathugun hófst. Nánar tiltekið tók athugunin til innri ferla, reglubundins eftirlits, alþjóðlegra þvingunaraðgerða, framkvæmdar áreiðanleikakannana, einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla og rannsóknar- og tilkynningarskyldu. Þá tók athugunin einnig til undirbúnings bankans á áhættumati samkvæmt 5. gr. laga nr. 140/2018.

Til að öðlast yfirsýn yfir aðgerðir bankans gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverk aflaði Fjármálaeftirlitið ýmissa gagna frá bankanum t.d. gagna úr kerfum bankans vegna áreiðanleikakannana, tók viðtöl við starfsmenn bankans, fékk kynningar á kerfi bankans vegna reglubundins eftirlits, kerfi til að fylgjast með alþjóðlegum þvingunaraðgerðum og kerfi til að fylgjast með því hvort einstaklingar séu í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Þá var handvalið úrtak 38 viðskiptavina bankans, einstaklinga og lögaðila og framkvæmd áreiðanleikakönnunar bankans á þeim viðskiptavinum könnuð, í heild eða að hluta með sérstakri áherslu á upplýsingar um raunverulega eigendur í tilviki lögaðila. Loks óskaði Fjármálaeftirlitið eftir fimm nýjustu skýrslum vegna rannsókna á grunsamlegum viðskiptum og tilkynningum til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til að gera athugasemdir við eftirlitskerfi vegna reglubundins eftirlits með samningssamböndum við viðskiptamenn, alþjóðlegra þvingunaraðgerða og einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Þá þótti ekki, miðað við valið úrtak, tilefni til að gera athugasemd við framkvæmd áreiðanleikakannana hjá einstaklingum. Fjármálaeftirlitið taldi hins vegar tilefni til að gera eftirfarandi athugasemdir:

- Skortur var á skjalfestingu á mati á áreiðanleika upplýsinga og því var ekki sýnt fram á að upplýsingar um raunverulega eigendur hafi almennt verið metnar með sjálfstæðum hætti, sbr. 2. mgr. 5. gr. eldri laga nr. 64/2006. Í 10. gr. nógildandi laga nr. 140/2018 eru gerðar sambærilegar kröfur til könnunar á upplýsingum um raunverulega eigendur.
- Könnun á áreiðanleika upplýsinga um raunverulega eigendur erlendra lögaðila var almennt ábótavant, sbr. 2. mgr. 5. gr. eldri laga nr. 64/2006. Í 10. gr. nógildandi laga nr. 140/2018 eru gerðar sambærilegar kröfur til könnunar á upplýsingum um raunverulega eigendur.
- Skjalfestum verkferlum vegna framkvæmdar áreiðanleikakannana var ábótavant en einungis var um að ræða upptalningu á þeim upplýsingum og gögnum sem afla á, en ekki fjallað um þá könnun sem þarf að fara fram á þeim upplýsingum, sbr. 3. mgr. 34. gr. og a-liður 5. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018.



- Skortur var á að upplýsingar um viðskiptamenn væru uppfærðar reglulega, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018 en þess má geta að bankinn hafði hafið vinnu við uppfærslu á verklagi þegar athugunin fór fram.
- Skortur var á að rannsóknarskyldu væri sinnt með fullnægjandi hætti í tilviki eins viðskiptamanns, sbr. 17. gr. eldri laga nr. 64/2006. Sambærilegar kröfur til rannsóknarskyldu eru gerðar í 21. gr. laga nr. 140/2018.